

Skólaráð Naustaskóla

3. fundur ársins 2016 þann 10. mars 2016

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir og Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Anna Steinunn Þengilsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir og Inga Vala Magnúsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Stundaskrárramma næsta vetrar

Skoðuð drög að stundaskrárramma fyrir næsta vetur. Helstu breytingar frá núverandi skólaári felast í breyttu smiðjufyrirkomulagi á miðstigi, íþróttirnar geta dreifst meira með tilkomu íþróttahúss o.fl. Í grunninn stuðst við sama tímaplan og nú er.

2. Viðmiðunarstundaskrá

Gengið út frá óbreyttri viðmiðunarstundaskrá nema að þælingar eru í gangi um að festa ca 3 tíma í list- og verkgreinar á unglingsstiginu, þá væntanlega í staðinn fyrir áhugasviðstímama eða með breyttu fyrirkomulagi á þeim. Þá gera fyrstu drög ráð fyrir einum tíma meira í íþróttir en aðalnámsskrá gerir ráð fyrir í 1.-3. bekk.

3. Starfsmannauglýsingar

Starfsmannasamtöl eru í fullum gangi þessa dagana og stefnt að því að ljúka þeim fljótlega eftir páska. Að því búnu ætti að hafa skýrst hvort þörf er á að auglýsa kennarastöður. Skólastjóri hefur sagt starfi sínu lausu en starfið hefur ekki verið auglýst enn sem komið er.

4. Skóladagatal

Skoðuð nýjustu drög eins og þau líta út eftir samræmingu með Naustastjórn. Skólastjóri mun senda þessi drög út til starfsmanna til skoðunar og taka þau síðan til umfjöllunar á fundi.

Þar sem vinna verður í fullum gangi við framangreinda þætti allra næstu daga og vikur og þeir ættu að skýrast fljótlega eftir páska er stefnt að öðrum fundi í mars, fimmtudaginn 31. mars kl. 15:00

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð